

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

fyrir umsækjendur um laus störf hjá landskjörstjórn

Inngangur

Landskjörstjórn leggur áherslu á að tryggja vernd persónuupplýsinga og að vinnsla þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Þessi persónuverndarstefna á við um persónuupplýsingar sem landskjörstjórn safnar saman og notar í tengslum við starfsumsóknir sem stofnuninni berast. Tilgangurinn með persónuverndarstefnu þessari er að upplýsa umsækjendur hvernig og hvers vegna landskjörstjórn safnar persónuupplýsingum og hvernig stofnunin meðhöndlar þær.

I. Uppruni persónuupplýsinga

Landskjörstjórn safnar persónuupplýsingum oftast beint frá umsækjendum þegar þeir senda landskjörstjórn umsókn um starf ásamt fylgigögnum. Í sumum tilfellum fær stofnunin upplýsingar frá þriðja aðila, t.d. frá umsagnaraðilum á borð við fyrri vinnuveitendur.

II. Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Landskjörstjórn vinnur með persónuupplýsingar þeirra sem sækja um starf hjá stofnuninni. Við mat á umsóknum eru tilteknar upplýsingar nauðsynlegar. Heimilt er að vinna þær upplýsingar, þar sem það er nauðsynlegt, áður en ráðningarsamningur er gerður, á grundvelli 2. og 3. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd.

Vinnsla persónuupplýsinga um umsækjendur fer ekki fram í neinum öðrum tilgangi en að meta hæfni þeirra og hvort þeir komi til greina í starf hjá stofnuninni.

III. Söfnun persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings. Persónuupplýsingarnar sem landskjörstjórn safnar frá umsækjendum starfa geta t.d. verið nöfn, netföng, símanúmer, heimilisföng, ljósmyndir, ferilskrá, kynningarbréf, meðmælabréf, niðurstöður ráðningarviðtala, menntun, prófskírteini, upplýsingar sem umsækjandi kann að deila með stofnuninni eða opinberlega, s.s. um tómstundir og áhugamál.

IV. Notkun landskjörstjórnar á persónuupplýsingum um umsækjanda

Landskjörstjórn notar persónuupplýsingar um umsækjanda í ráðningarferlinu til að meta hæfni í starf hjá landskjörstjórn og:

- til þess að auðkenna umsækjanda,
- til þess að hafa samband við umsækjanda,
- til að sannreyna hvort meðmæli og aðrar upplýsingar séu réttar,
- til þess að meta hvort umsækjandi komi til greina í starf hjá landskjörstjórn.

V. Varðveisla persónuupplýsinga

Landskjörstjórn varðveitir upplýsingarnar í skjalavistunarkerfi stofnunarinnar á öruggan hátt og í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu landskjörstjórnar og gildandi lög og reglur. Landskjörstjórn hefur gert tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að verja persónuupplýsingar umsækjenda gegn óheimilum aðgangi.

Starfsumsóknir eru varðveittar í skjalavistunarkerfi landskjörstjórnar. Ef umsókn leiðir ekki til ráðningar í tiltekið starf, geymir landskjörstjórn umsóknina á skrá í skjalavistunarkerfi. Landskjörstjórn er ekki heimilt að eyða upplýsingum sem koma fram í umsókn um starf samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Upplýsingum um umsækjendur skal eytt af öllum öðrum rafrænum gagnasöfnum og safnað saman í skjalavistunarkerfi landskjörstjórnar í lokuðu máli að vinnslu lokinni.

VI. Viðtakendur persónuupplýsinga umsækjanda

Aðeins þeir starfsmenn landskjörstjórnar sem koma að ráðningarferli fá aðgang að persónuupplýsingum tengdum starfsumsóknnum.

Í þeim tilfellum sem landskjörstjórn nýtur aðstoðar ráðgjafa í ráðningarferli kann umsóknargögnum umsækjanda að vera miðlað til viðkomandi.

Lög nr. 90/2018 um persónuvernd takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

VII. Réttindi umsækjanda

Umsækjandi um starf á rétt á að fá upplýsingar um og aðgang að þeim persónuupplýsingum sem landskjörstjórn hefur með höndum.

Umsækjandi á rétt á að afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem byggð er á samþykki hvenær sem er. Umsækjandi á einnig rétt á að óska eftir að láta leiðrétta, eyða eða takmarka vinnslu slíkra persónuupplýsinga eða andmæla slíkri vinnslu. Þá á umsækjandi rétt á að flytja eigin gögn sem hann lætur landskjörstjórn í té til annars ábyrgðaraðila. Framangreindum réttindum kunna þó að vera sett takmörk í gildandi lögum og reglum eins og t.d. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Umsækjandi á rétt á upplýsingum um uppruna persónuupplýsinga um sig sem er ekki aflað frá honum sjálfum og á rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef hann telur að landskjörstjórn hafi ekki virt réttindi við meðferð á persónuupplýsingum.

VIII. Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar um málefni sem snúa að persónuupplýsingum er hægt að fá hjá persónuverndarfulltrúa landskjörstjórnar postur@landskjorstjorn.is

IX. Breytingar

Landskjörstjórn áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu þessari eftir því sem þurfa þykir og er stefnan endurskoðuð í september ár hvert.

Nýjasta útgáfa stefnunnar er birt á vefsíðu landskjörstjórnar hverju sinni.

Landskjörstjórn
11. september 2025